



Gísli Sigurðsson: Portret af Helga Sæmundssyni.

Kjarvalsstaðir:

Síðasta sýning- arhelgi hjá Gísli

SÝNING Gísli Sigurðssonar á Kjarvalsstöðum hefur nú staðið yfir í 2 vikur og fengið ágæta aðsókn og viðtökur. Nú fer í hönd síðasta sýningarhelgin, en sýningunni hefur þó verið framlengt um einn dag og endar hún á mánudagskvöld.

Sýningin er í öllum vestursal

Kjarvalsstaða og samtals sýnir Gísli þar 70 olfumálverk frá síðustu tveimur árum. Það eru mestan part myndir úr þjóðlífi og mannlífi almennt, til dæmis frá skemmtunum eins og þær tíðkuðust fyrir þremur áratugum, en einnig eru mannamyndir, þar á meðal myndin af Helga Sæmundssyni sem hér sést.

Jónas Haralz bankastjóri prédik- ar í Dómkirkjunni

Í MESSUNNI í Dómkirkjunni kl. 2 á morgun, sunnudaginn 16. mars, prédikar Jónas Haralz bankastjóri. Faðir hans, sr. Haraldur Nielsson, var um skeið prestur við Dómkirkjuna, áður en hann gerðist prófessor í guðfræði við Háskólann. Í þessari messu syngur Guðmundur Jónsson einsöng, „Friðarins Guð“ eftir þá Guðmund Guðmundsson og Árna Thorsteinsson, og foreldrar fermingarbarna lesa bænir og ritningartexta, en sr. Þórir Stephensen þjónar fyrir altari.

Eftir messu efnir kvenfélag safnaðarins, Kirkjuneftnd kvenna Dómkirkjunnar, til kaffisölu á Hótel Loftleiðum í Víkingasal. Þar verður einnig margskonar páskaföndur á boðstólum. Allur ágóði af kaffi- og föndursölu rennur til greiðslu á skuldum þeim, sem Dómkirkjan er nú í, vegna orgelkaupa og viðgerðar á kirkjunni á liðnu ári.

Þess er vænst, að Dómkirkjufólk fjölmenni til kirkju og komi svo á eftir í kaffið á Loftleiðum til þess að styðja við bakið á þeim, sem að fjáðflun standa, fyrir þær farsælu framkvæmdir, sem Dómkirkjan naut sl. ár. Allir tónlistarmenn lofa



hið nýja orgel, hljómburður hefur batnað að mun og hinn aldni þjóðarhelgidómur er nú stílhreinni og fegurri en nokkru sinni fyrr. Hjálpumst öll að því að greiða þann kostnað, sem þetta hefur skapað.

Strætisvagn fer frá kirkjunni suður að Hótel Loftleiðum strax eftir messu og til baka aftur um eða fyrir kl. 4.30.

Þórir Stephensen.

Fjársvikamálið:

Gæsluvarðhald framlengt

GÆSLUVARÐHALD yfir öðrum mannanna, sem grunaðir eru um milljónasvik, m.a. vegna fasteignaviðskipta, hefur verið framlengt til 19. mars næstkomandi að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Mennirnir tveir voru úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald hinn

20. febrúar síðastliðinn vegna gruns um að hafa haft verulegt fé af fólki með blekkingum. Þriggja vikna gæsluvarðhaldið rann út á fimmtudaginn síðastliðinn og var þá annar mannanna látinn laus, en talin var ástæða til að framlengja gæsluvarðhald hins til 19. mars næstkomandi vegna rannsóknar málsins.



Fróðleikur og skemmtun fyrir háa sem lága!
Morgunblaðið

Allir þeir sem gjöddu mig með heimsókn sinni, gjöfum, blómum og skeytum á áttræðisafmælisdegi mínum þann 10. mars sendi ég mínar bestu þakkir og kveðju.
Lifið heil.

Karl Eiríksson,
rafvélavirki,
Bogahlíð 17.



VIÐ FÖGNUM FLUTNINGI MEÐ GLÆSILEGRI SÝNINGU

Iðnverk hf, byggingaþjónustan Nóatúni 17, hefur flutt starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði að Hátúni 6a (Fönixhúsið). Af þessu tilefni höfum við opið um helgina 15. og 16. mars og sýnum framleiðsluvörur 12 íslenskra fyrirtækja í byggingariðnaði. Húsbyggjendum og húseigendum gefst hér tækifæri til að kynna sér allt er þarf til húsbýgginga og innréttinga á einum og sama staðnum.

Allar vörur á verksmiðjuverði

Komið við um helgina og fáið upplýsingar og ráðgjöf um verð og gæði íslenskrar framleiðslu. Hafið teikningarnar með og við leitum tilboða í alla byggingarþætti. Gerum einnig bein tilboð í ýmsa verkþætti.

Verið velkomin

Sýnum framleiðslu effirtaldrá íslenskra fyrirtækja:

- Rammi hf
- Ofnasmiðja Suðurnesja
- Tré-X – Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar
- Glerborg hf
- Plastgerð Suðurnesja
- Trésmiðjan Stígandi hf
- BM Vallá hf
- Byggingar og ráðgjöf
- Borkur hf
- Loftorka hf
- Harpa hf
- Steinullarverksmiðjan h/f

IÐNVERK HF
BYGGINGAÞJÓNUSTA

Hátúni 6a • Sími: 25945-25930